

1. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2024

Haldinn mánudaginn 18. nóvember 2024, kl. 17 í Safnahúsinu, Ísafirði

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Hlynur Reynisson, Þóra Marý Arnórsdóttir og Gísli Jón Hjaltason í fjarfundi.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 15. apríl sl. urðu engar breytingar á stjórn og Guðfinna Hreiðarsdóttir kosinn til að gegna embætti formanns áfram. Á þessum fyrsta stjórnarfundinum sem haldinn er eftir aðalfund kom Guðfinna með tillögu um að Guðni Guðnason verði gjaldkeri, Heba Dís Prastardóttir varaformaður og Hlynur Reynisson ritari. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Beiðni knattspyrnudeildar um heimild til að kaupa íbúð af bænum að Dalbraut 1 í Hnífsdal.

Samúel Samúelsson, formaður stjórnar meistaraflokks karla, hefur óskað eftir því að knattspyrnudeildin fá heimild aðalstjórnar til að kaupa íbúð að Dalbraut 1 í Hnífsdal sem deildin hefur leigt til nokkurra ára og hefur forkaupsrétt að. Guðfinna og Gísli Jón hafa fundað með Samúel og farið ítarlega yfir málið með honum. Gjaldkeri aðalstjórnar hefur einnig verið upplýstur um málið og er það mat þessara þriggja stjórnarmanna að fjárfestingin feli ekki í sér áhættu fyrir félagið þar sem ágætt veð er í eigninni sjálfri. Formaður lagði til að stjórn knattspyrnudeildarinnar yrði heimilað að kaupa umrædda fasteign og var tillagan samþykkt samhljóða. Farið er fram á að stjórn knattspyrnudeildarinnar sendi aðalstjórn formlega beiðni með undirskrift allra stjórnarmanna áður en gengið verður frá kaupum á eigninni.

3. Formannafundur HSV 14. nóvember 2024. Guðni Guðnason gjaldkeri, mætti á formannafund HSV í stað formanns sem var ekki á svæðinu. Gerði Guðni grein fyrir umræðum og skoðanaskiptum á fundinum þar sem rætt var um úthlutun tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi, skráningu iðkenda í Sportabler og skiptingu lottótekna. Ennfremur var rætt um breytinguna sem varð þegar starf framkvæmdastjóra HSV var lagt niður og í kjölfarið búið til starf íþróttafulltrúa Ísafjarðarbæjar.

4. Skipting lottótekna. Fyrri úthlutun lottótekna liggur fyrir og fær Vestri 1.976.000. Skiptist sú upphæð niður á deildir skv. reglum HSV. Gjaldkeri lagði til að 20% upphæðarinnar færi til aðalstjórnar til að standa undir kostnaði við bókhald, Sportabler og annan sameiginlegan kostnað. Var tillagan samþykkt samhljóða. Lokagreiðsla lottógreiðslna fyrir árið 2024 verður í janúar.

5. Formannafundur Vestra – tímasetning og dagskrá. Ákveðið að boða formannafundar við fyrsta tækifæri, helst fyrir mánaðarmótin nóv/des.

6. Önnur mál.

- **Í góðum félagsskap.** Deildir Vestra kynntu starf sitt á viðburðinum *Í góðum félagsskap* sem fór fram í Edinborgarhúsinu laugardaginn 21. september. *Í góðum félagsskap* var opinn kynningardagur á félagsstarfi á norðanverðum Vestfjörðum en að honum stóðu Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður, í samstarfi við Vestfjarðarstofu. Um 30 aðilar tóku þátt í kynningunni sem var ágætlega sótt.
- **Fræðslufundur fyrir þjálfara og stjórnarmenn.** Þann 23. september sl. fór fram fræðslufundur á efri hæð vallarhússins á Torfnesi fyrir þjálfara og stjórnarfolk í Vestra. Fyrirlesarar voru tveir, Þórir Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði og stjórnarmaður í körfuknattleiksdeild Vestra og Viðar Halldórsson prófessor við Háskóla Íslands. Vel var mætt á fundinn sem tæplega 30 manns sátu.

- **Vestri körfubolti - Special Olympics.** Á þessu hausti hefur körfuknattleiksdeild Vestra, í samstarfið við íþróttafélagið Ívar, boðið upp á körfuboltaæfingar fyrir börn á aldrinum 6-16 ára. Þessar æfingar eru hugsaðar fyrir börn sem t.d. þurfa meiri stuðning, hentar betur að vera í minni hópum og hafa aðgengi að fleiri þjálfurum á æfingum. Þessar æfingar eru liður í verkefninu „Allir með“, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra).
- **Hvatningarverðlaun UMFÍ 2024.** Karlahreysti á Ísafirði (HSV) hlaut Hvatningarverðlaun UMFÍ 2024. Karlahreysti hefur vakið verðskuldaða athygli og þykir gott dæmi um verkefni sem stuðlar að bættri lýðheilsu í samfélaginu. Verðlaunin voru afhent 12. október sl. á sambandsráðsfundi UMFÍ í Borgarfirði. Hvatningarverðlaun UMFÍ eru veitt fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins. Formaður Vestri sendi inn tilnefningu í nafni félagsins.
- **Sundnámskeið.** Þóra Marý ræddi möguleikana á því að Vestri stæði fyrir sundnámskeiðum fyrir börn á leikskólanum Tanga (fimm ára deild) og jafnvel fyrir aðra aldurshópa. Sagði hún þjálfara vera til staðar sem væri áhugasamur um slíkt verkefni og voru fundarmenn sammála um að það væri hið besta mál ef hægt væri að hrinda slíku í framkvæmd. Óskuðu þeir eftir að fá frekari upplýsingar um málið ef vilji væri fyrir því að Vestri hefði aðkomu að því.
- **10 ára afmæli Vestra 2026.** Formaður lét þess getið að það styttist í 10 ára afmæli Vestra en félagið var stofnað 16. janúar 2016. Huga þarf að því hvernig halda skal upp á þessi tímamót.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30